

Fimmtudaginn 1. júní 1995.

Nr. 62/1995.

Ákærvaldið(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn**Porgeiri Brimi Hjaltasyni**

(Magnús Thoroddsen hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærða og ákærvalds með stefnu 24. febrúar 1995 að fengnu leyfi Hæstaréttar 23. sama mánaðar, sbr. 2. mgr. 150. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Krefst ákærði sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins.

Ákærvaldið krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er varðar sakfellingu, en refsing ákærða þyngd. Þá er þess krafist, að saksóknarkostnaður í héraði verði ákvarðaður jafn málsvarnarlaunum og ákærði enn fremur dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins.

Mál þetta var munnlega flutt fyrir Hæstarétti 16. maí 1995.

Erlingur Sigtryggsson, fulltrúi við Héraðsdóm Norðurlands eystra, kvað upp hinn áfrýjaða dóm. Í dómi Hæstaréttar, er kveðinn var upp 18. maí 1995, í öðru opinberu máli nr. 103/1994, var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómvalds, svo sem þær verða skýrðar með hliðsjón af 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu um sjálfstæða og óvilhalla dómara, til þess að þeir geti í eigin nafni og á eigin ábyrgð farið með þau dómstörf, sem lýst er í bréfi dómsmálaráðuneytis . . .“. Telja verður, að með dómnum sé það álitafni endanlega til lykta leitt og verði ekki hjá því komist að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og alla meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra og vísa því heim í hérað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar.

Áfallinn sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra. Er málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Allur áfallinn sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Magnúsar Thoroddsen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.
